

Málskostaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h.f., greiði stefnanda kr. 400.000,00 með 45% ársvöxtum frá 14. desember 1982 til 11. janúar 1983, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júlí 1983, en með hæstu innláns- vöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 70.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 18. febrúar 1985.

Nr. 119/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Andrésí Haraldssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 3. janúar 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 29. ágúst 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit dómsrannsóknar, sem fram fór í sakadómi Kópavogs 1. og 4. þ.m.

Verknaður sá, sem ákærða er gefinn að sök í máli þessu. mundi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 4. mgr. þeirrar greinar skal því aðeins höfða mál út af brotum á 1. mgr., að sá krefjist þess, sem misgert er við. Slík krafa hefur ekki komið fram. Ákæran í málinu hefur því ekki lagastöð, og verður af þeim sökum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru í málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmans, 5.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmans, 5.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman, hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 13. október 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. október 1983, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 7. september 1982, „á hendur Andrési Haraldssyni, Þverbrekku 4, Kópavogi, fæddum 12. maí 1925 í Kerlingardal, Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, fyrir að hafa, að kvöldi miðvikudagsins 17. mars 1982 stungið göt á og þannig skemmt tvo hjólbarða og slöngur á bifreiðinni R-66232, en bifreiðinni hafði verið lagt í stæði við Þverbrekku 4 í Kópavogi.

Telst þetta varða við 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði, Andrés Haraldsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr.

2.400,00 og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Baldurssonr hrl., kr. 5.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1985.

Nr. 26/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Matthildi Eiðsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 15. s.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er á það fallist, að nauðsynlegt sé, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 60 dögum frá uppkvaðningu úrskurðarins 13. febrúar 1985, kl. 16.05.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum frá kl. 16.05 13. febrúar 1985.